

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 93/2006

frá 7. júlí 2006

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2006 frá 2. júní 2006 ⁽¹⁾.
- 2) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti) ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 30d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32005 L 0029**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 (Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).“

2. gr.

XIX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004):

„7g. **32005 L 0029**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 7, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.

nr. 2006/2004 (tilskipun um óréttnæta viðskiptahætti) (Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 84/450/EBE), lið 3a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB) og lið 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB):

„– **32005 L 0029**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 (Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).“

3. Eftirfarandi bætist við í lið 7f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004):

„, eins og henni var breytt með:

– **32005 L 0029**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 (Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/29/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. júlí 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.